



## Skipulagsnefnd Skaftárhrepps Fundargerð

Fundur nr.115 haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, miðvikudaginn 6.apríl 2016 klukkan 15:00. Mætt eru til fundarins formaður nefndarinnar Kristbjörg Hilmarsdóttir, Davíð Andri Agnarsson, Jóhannes Gissurarson, Bjarki Guðnason og Guðbrandur Magnússon ásamt Vigfúsi Þór skipulags og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps. Oddviti Eva Björk Harðardóttir situr fundinn undir liðum 3 og 4.

Breytingar á auglýstri dagskrá:

- Deiliskipulag fyrir svæði hestamannafélags fellur út og fer á dagskrá næsta fundar.
- Lóðastofnun fyrir Fossa kemur inn á dagskrá
- Umsókn um stöðuleyfi, veiðihús við Eldvatn

**Dagskrá:**

**Skipulagsmál:**

### 1. Tjaldsvæði Kirkjubæ II – Deiliskipulag

Athugasemdir bárust frá skipulagsstofnun við að deiliskipulag tjaldsvæðis að Kirkjubæ II tæki gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda.

Brugðist hefur verið við athugasemdum innan skipulagstillögunnar og er því mælt til þess að skipulagið verði sent aftur til yfirferðar skipulagsstofnunnar fyrir birtingu í B-deild stjórnartíðinda í samræmi við 42.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

***Samþykkt skipulags –og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.***

### 2. Lindarfiskur – Skipulags og matslýsing vegna breytingar á deiliskipulagi.

Lögð er fram skipulags og matslýsing vegna breytinga á deiliskipulagi að Botnum vegna fiskeldis Lindarfisks. Í breytingunni felst framleiðsluaukning úr 19 tonnum í 300 tonn auk þess sem skilgreindur verður viðbótarbyggingarreitur fyrir eldishús.

***Samþykkt. Nefndin mælist til þess að lýsingin verði auglýst í samræmi við ákvæði skipulagslaga og reglugerðar og send til yfirferðar umsagnaradila.***

### 3. Staðsetning gestastofu – Umræður og yfirferð athugasemda

Oddviti situr fund undir þessum lið. Innsendar athugasemdir og umsagnir yfirfarnar auk fyrirbyggjandi gagna.

***Nefndin leggur til að þær þrjár staðsetningar sem tilgreindar eru í skýrslu um***

***greiningu á staðarvali gestastofu Vatnajökulshjóðgarðs sem unnin var af Arkís og FSR verði kynntar af skipulagsfulltrúa á íbúafundi þann 19.apríl næstkomandi.***

***Nefndin mun taka endanlega afstöðu til staðsetningar gestastofu á maí fundi skipulagsnefndar. Þær tillögur sem um ræðir eru staðsetning 2, 5 og 7***

### 4. Skipulagsdagur

KH  
H

*Oddviti situr fund undir þessum lið*

Lögð fram hugmynd að því að halda skipulagsdag í Skaftárhreppi. Uppbyggingu hans og skipulagning rædd.

**5. Strútslaug – Umsögn vegna deiliskipulagstillögu Strútslaugar.**

Lögð er fyrir nefndina tillaga deiliskipulags Strútslaug. Skipulagsvæðið sem tillagan tekur til er innan marka Rangárþings Ytra og er því lögð fyrir nefndina til umsagnar. *Nefndin gerir athugasemd við að ekki sé gert ráð fyrir öflun neysluvatns innan skipulagsins. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að koma umsögn vegna tillögunnar til skipulagsfulltrúa Rangárþings Ytra. Nefndin leggur til að tillagan fari einnig til kynningar í umhverfisnefnd Skaftárhrepps.*

**6. Gröf – Stofnun lóðar**

Ólafur Björnsson leggur fram beiðni um stofnun lóðar úr upprunalandi Grafar Skaftártungu sbr. meðfylgjandi uppdrætti.

*Samþykkt. Skipulags –og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

*Davíð Andri vikur af fundi.*

**7. Fossar – Stofnun lóðar**

Agnar Davíðsson leggur fram beiðni um stofnun lóðar úr upprunalandi Fossa landnr. 163341 samkv. meðfylgjandi uppdrætti.

*Samþykkt. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

*Davíð mætir aftur til fundar.*

**8. Hrífunes – Byggingarleyfisumsókn**

Sótt er um leyfi fyrir stækkun núverandi gistingar að Hrífunesi. Viðkomandi breytingar rúmast ekki innan deiliskipulags svæðisins. Unnið er að breytingu á deiliskipulagi sbr. meðfylgjandi gögnum.

*Byggingaráform samþykkt. Nefndin mælist til þess að nýtt deiliskipulag svæðisins verði lagt fyrir næsta fund nefndarinnar. Framkvæmdin skal grenndarkynnt í samræmi við 44.grein skipulagslaga enda séu viðkomandi framkvæmdi í samræmi við ákvæði aðalskipulags svæðisins.*

*Guðbrandur vikur af fundi*

**9. Umsókn um stöðuleyfi - Eldhraun ehf.**

Eldhraun ehf. Sælir um stöðuleyfi fyrir íbúðargám við veiðihús við Eldavatn í Meðallandi til ársloka 2020 samkv. Meðfylgjandi umsókn.

*Stöðuleyfi er eingöngu veitt til árs í senn í samr. við ákvæði reglugerðar. Ekki er gerð athugasemd við veitingu stöðuleyfis til eins árs.*

*Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

*Guðbrandur mætir aftur til fundar*

Ekki fleira gert

Fundi slitið kl: 17:50